



Góðan dag,

Við viljum leita til ykkar vegna leikskóladvalar dóttur okkar, Áskatla Elín Mueller Árnadóttir, 250621 3020, í Fjarðabyggð og Langanesbyggð.

Við, foreldrar hennar, Ása Antje Mueller og Árni Páll Jóhannesson, höfum sameiginlega forsjá. Móðirin býr í Fjarðabyggð (síðan 01.02.2025), en faðirinn í Langanesbyggð. Samkvæmt núverandi fyrirkomulagi dvelur dóttir okkar tvær vikur hjá móður sinni í Fjarðabyggð og tvær vikur hjá föður sínum í Langanesbyggð. Lögheimili hennar er skráð hjá móðurinni í Fjarðabyggð.

Við óskum eftir því að Áskatla Elín fái að sækja leikskóla í báðum sveitarfélögum í samræmi við þessa umgengni. Í samræmi við viðmiðunarreglur Sambands íslenskra sveitarfélaga ættum við að óska eftir:

1. Hálfri vistun í Langanesbyggð (sem ekki er lögheimilis sveitarfélag).
2. Umsókn um niðurgreiðslu leikskólagjalda í Fjarðabyggð fyrir vistun í Langanesbyggð.
3. Að Langanesbyggð og Fjarðabyggð semji sín á milli um niðurgreiðslur.

Okkur skilst að þetta fyrirkomulag sé hægt, ef samkomulag næst milli sveitarfélaganna, og að greiðslur verði þá sambærilegar og foreldrar með lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi greiða.

Við værum þakklát ef þið gætuð upplýst okkur um næstu skref í þessu ferli og hvaða gögn eða umsóknir við þurfum að leggja fram. Til að hraða ferlinu væri gott ef sveitarfélögin gætu haft beint samband sín á milli.

Takk fyrir ykkar tíma og samvinnu. Við vonumst eftir svári sem fyrst.

Með bestu kveðju,  
Árni Páll Jóhannesson  
Ása Antje Mueller

## Viðmiðunargjaldskrá sem gildir 15. september 2024 – 15. september 2025

Mánaðarlegt viðmiðunargjald eftir aldri leikskólabarna.

Ný viðmiðunargjaldskrá er birt í fyrsta lagi 15. september ár hvert.

Aldur barns	4 tímar	5 tímar	6 tímar	7 tímar	8 tímar	9 tímar	Stuðull
1 árs	326.895	372.989	419.083	465.177	511.271	557.365	2
2 ára	290.020	326.895	363.770	400.645	437.521	474.396	1,6
3 ára	262.364	292.325	322.286	352.247	382.208	412.169	1,3
4 ára	234.708	257.755	280.801	303.848	326.895	349.942	1
5 ára	216.270	234.708	253.145	271.583	290.020	308.458	0,8